Fjölbrautaskóli Suðurnesja

# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## LYST3RB05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Sverrir Gunnarsson, sverrir.gunnarsson@fss.is. |  |
| **Viðtalstími** | Sverrir, kl 14:00 – 14:40 fimmtudaga (hafa samband við skrifstofu). | |
| **Námsefni** | Rafbok.is og efni frá kennara. | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér undirstöðuþætti og frágang lýsingakerfa og nýti ákvæði reglugerða við val á mismunandi lampabúnaði með tilliti til notagildis, litaendurgjafar og endurkasts. Nemendur þjálfast m.a. í útreikningum á birtu og ljósflæði sem og kostnaði við uppsetningu og rekstur með hliðsjón af mismunandi aðstæðum og ólíkum lýsingakerfum. Þá er fjallað um hvernig stuðla megi að betri líðan manna með réttum frágangi og staðsetningu lýsingakerfa. Farið er yfir helstu atriði er varða götu- og útilýsingar. Einnig er lögð áhersla á skipulag og frágang lýsingakerfa almennt. Hugtök og reglur er varða þurra staði, raka staði, rykuga staði, íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Geislun, ljós og liti, ljósgjafa, optíska eiginleika, reikniaðferðir, hagnýta útfærslu og ljósmælingar. Nemendur læri að nota handbók um lýsingartækni, viðeigandi reglugerðir, ljósmælitæki, lýsingarforriti og tölvutækni. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr verkefnavinnu annarinnar til að fá vinnueinkunn metna.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tímaverkefni | 30% |
| Dialux verkefni | 30% |
| Virkni í kennslustundum | 5% |
| Lokaverkefni | 35% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.<br>**Ef tölvuleikir eru spilaðir í tíma er nemanda vísað út með fjarvist.**<br>Skiladagssetningar koma fram á inna.is Ekki er tekið við verkefnum seinna en 4 dögum eftir skiladagssetningu. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í þessum áfanga er unnið markvisst að því að efla **faglæsi** nemenda á táknkerfi, teikningar og tæknilegar upplýsingar. Lögð er rík áhersla á **sköpun** og lausnamiðaða hugsun þar sem nemendur hagnýta þekkingu sína í raunhæfum verkefnum. **Sjálfbærni** og fagleg vinnubrögð eru fléttuð inn í námið með áherslu á skynsamlega nýtingu efnis og varanlegar lausnir. Öryggi er ætíð í forgrunni til að tryggja **heilbrigði og velferð í** vinnuumhverfinu. **Lýðræði og mannréttindi** birtast í því að ríkt samráð er haft við nemendur; þeim er tryggt rými til að veita ábendingar, eiga uppbyggilegt samtal við kennara um tímasetningar á verkefnum og prófum. Loks er **jafnrétti** lagt til grundvallar í öllu starfi, þar sem öllum eru tryggð jöfn tækifæri til að dafna og eflast sem fagaðilar í hvetjandi námsumhverfi. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• mismunandi gerðum ljósgjafa með tilliti til ljósdreifikúrfa og ljósnýtni<br>• mismunandi endingartíma ljósgjafa<br>• beinni og óbeinni lýsingu<br>• ljóslit (ljóshitastigi) og litarendurgjöf<br>• almennum mælitækjum til ljósmælinga<br>• a.m.k. einu tölvuforriti til útreikninga á lýsingarkerfi | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• velja viðeigandi ljósgjafa við mismunandi aðstæður með tilliti til umhverfis, litarendurgjafar og endurkasts<br>• nota sérbúin forrit til birtuútreikninga<br>• reikna út birtu m.t.t. aðstæðna og mismunandi lýsingakerfa<br>• reikna út kostnað við rekstur slíkra kerfa |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heiti og hugtök er varða lýsingakerfi
- leiðbeina við uppsetningu og frágang lýsingarkerfa þ.e. val á ljósgjöfum og lömpum

| **Vinnuáætlun - Dæmi með símati** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| **Undirbúningur f. próf** | 3 x 4 klst. | 12 klst. |
| **Ritgerð / Skýrsla** | 15 klst. | 15 klst. |
| **Alls** | | **107 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Skilyrði fyrir góðri lýsingu. Reglur og leiðbeiningar um lýsingu. Bls. 10-22 | Verkefni 2 |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Ljósgjafar og eiginleikar þeirra. Ending ljósgjafa. Bls. 23-26 | Verkefni 3 |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Ljósstreymi og ljósnýtni. Litaráhrif. Bls. 27-30 | Verkefni 4 |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Lampar. Skipulag lýsingar. Bls. 59-71 | Verkefni 5 |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Tölvustudd lýsingarhönnun. Bls. 81- 88 lýsingar forritið DIalux. | |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Glóperur Bls. 31-43<br>Flúrperur Bls. 44-49 | Verkefni 6 |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Háþrýstar úrhleðsluperur og ræsibúnaður Bls50-58 | Verkefni 7 |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Nytstuðlaaðferðin. Punktaaðferðin. Lúxkúrfa Bls. 72-80.<br>Byrjað á annar verkefni Dialux | Verkefni 8 |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Dialux yfirferð | |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Lýsing og umhverfisvernd.<br>Orkunýting. Bls. 89-99 | |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Ljósstýring og neyðarlýsing. Bls. 100-107 | |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Ljósdíóður og lýsing með ljósleiðara. Bls. 108-116 | |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Lýsing utanhúss og ljósmælingar. Bls. 117-132 | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Lýsing utanhúss og ljósmælingar | |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Lokaverkefni lýsingahönnun og skýrsla | |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Frágangur á lokaverkefni og skýrslu | Skýrsla - lokaverkefni |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Sverrir Gunnarsson*